

Eftir fjárhæðinni, kr. 60.000, er stimpilgjaldið fyrir samninginn 12 kr., og greiði hvor samningsaðila helming þess. **143**  
26. nóv.

Samningur þessi er gjörður í tveimur samritum, og fá samningsaðilar sitt hvor.

Kaupmannahöfn, 26. nóvember 1912.

Þýðing.

**144**  
26. nóv.

## Viðbætur

við samning, dags. 7. ágúst 1909, milli stjórnarráðs innanríkismálanna og stjórnarráðs Íslands annars vegar og hins sameinaða gufuskipafjelags hins vegar, um póstgufuskipaferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands.

### 1.

Farþegagjaldið breytist þannig, að aukagjald greiðist í viðbót við hið núverandi farþegagjald fyrir far til Íslands norður um land, ef ferðinni er haldið lengra áfram en til Akureyrar. Hækkunin á farþegagjaldinu nær þannig til:

allra viðkomustaða fyrir vestan Akureyri, að meðtöldum viðkomustöðum á Vesturlandi og Reykjavík, ef skipið kemur austan um land, og

allra viðkomustaða fyrir austan Akureyri, að meðtöldum viðkomustöðum á Austurlandi, ef skipið kemur vestan um land.

Á líkan hátt hækkar farþegagjaldið frá Íslandi, ef ferð austur um land hefst vestar en á Akureyri, eða ef ferð vestur um land hefst austar en á Akureyri.

Hækkunin nemur í fyrgreindum tilfellum jafnmiklu sem greiðist samkvæmt fargjaldsskrá þeirri fyrir strandferðirnar, er samþykkt hefir verið jafnframt þessu, fyrir ferð frá Akureyri til ákvörðunarstaðarins, eða, ef um ferð frá Íslandi er að ræða, fyrir vegalengdina frá þeim stað, þar sem ferðin er hafin, til Akureyrar.

Fyrir ferðir milli viðkomustaða á Íslandi, án þess að farið sje milli landa, greiðist farþegagjaldið samkvæmt áður nefndri gjaldskrá fyrir strandferðirnar, eða þeirri gjaldskrá, sem fjelagið og stjórnarráð Íslands síðar kynnu að verða ásátt um.

### 2.

Flutningsgjöldin milli Íslands og Leith breytast samkvæmt meðfylgjandi gjaldskrá þannig, að þau verða hjerumbil 10% lægri en flutningsgjöldin milli

**144** Íslands og Kaupmannahafnar. Að öðru leyti haldast flutningsgjöldin óbreytt; 26. nóv. aukaafslátt þann, 10<sup>0</sup>%, sem ákvæðinn er í farmgjaldsskilmálunum þegar farmgjaldið fyrir flutning til sama viðtakanda, annaðhvort til eða frá Íslandi, nemur minst 300 kr. (eða 17 pd. sterl.), er fjelaginu því aðeins skylt að veita, að vörurnar sjeu á einu farmbrjefi (connossement). Að öðru leyti haldast ákvæðin um afslátt í flutningsgjaldsskránni óbreytt.

## 3.

Póstflutningurinn. Fjlagið flytur án sjerstaks endurgjalds á millilandskipunum þann tíma, sem eftir er af samningstímabilinu, póstsendingar, þar á meðal endursenda tóma póstkassa og poka, milli viðkomustaða á Íslandi.

## 4.

Ef fjlagið tekur nýtt skip eða ný skip, sem jafnast á við »Botníu«, til ferðanna, getur fjlagið krafist sama farþegagjalds á þeim, sem samkvæmt samningnum er leyft að taka á Botníu.

## 5.

Ferð í desember. Þann tíma, sem eftir er af samningstímabilinu, býðst fjlagið til að senda skip til Þórshafnar á Færeyjum og Reykjavíkur, og aftur sömu leið, er leggi á stað frá Kaupmannahöfn í fyrsta lagi 12. desember. Fyrir ferð þessa áskilur fjlagið sjer 5000 kr. þóknun frá dönsku póststjórninni. Þó geymir fjlagið sjer rjett til að sækja um hækkun á póstferðastyrknum frá Danmörku fyrir þessa ferð eftir 1913, ef fjlagið skaðast á ferðinni það ár. Hvort þessu tilboði verði tekið, er undir fjárveitingarvaldinu komið.

## 6.

Íslenski kolatollurinn. Fjlagið lætur niður falla kröfu sína um, að samningurinn sje úr gildi felldur vegna kolatollsins, gegn því, að stjórnarráð innanrikismálanna endurgjaldi með fyrirvara fjelaginu tollupphæðina af þeim kolum, sem tollur hefir verið greiddur af, enda sanni fjlagið, að kolin hafi verið tekin á Íslandi eftir 1. janúar 1913 til notkunar í þeim millilandskipum fjelagsins, sem annast póstferðirnar, samkvæmt samningnum 7. ágúst 1909.

Endurgjald þetta greiðist með þeim fyrirvara, að hvort þeirra stjórnarráða, sem standa að samningnum, geti til ársloka 1913 með málssókn á hendur fjelaginu krafist úrskurðar dómstólanna um, hvort fjelaginu sje skylt að una við þá hækkun á kolaverðinu, sem kolatollurinn hefir í för með sjer. Falli dómur á

þá leið, endurborgar fjelagið uppbótina fyrir tollinn. Um skyldu Íslands til að 144 endurgreiða stjórnarráði innanríkismálanna fje það, sem það kann að greiða í 26. nóv. þessu skyni, hefir orðið sjerstakt samkomulag milli stjórnarráða þeirra, sem standa að samningnum.

## 7.

Öll ákvæði í aðalsamningnum frá 7. ágúst 1909, sem koma í bága við framangreindan viðbæti, skoðast úr gildi feld.

Kaupmannahöfn, 26. nóvember 1912.